



SKÝRSLA

TIL UMHVERFIS-, ORKU- OG
LOFTSLAGSRÁÐUNEYTISINS VEGNA VERKEFNA 2023



Efnisyfirlit

Úrgangsmál	6
Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrá	7
Borgað þegar hent er kerfi	8
Viðburðir á vegum sambandsins um úrgangsmál	10
Könnun á úrgangsstjórnun sveitarfélaga	11
Samræmdar norrænar merkingar	13
Innkaup í úrgangsstjórnun	14
Kostnaður sveitarfélaganna og málefni Úrvinnslusjóðs 15	
Loftslagsmál	17
Miðlun þekkingar um sjálfbærni	19
Minnisblöð sambandsins	20
Umsagnir sambandsins á árinu	21
Náttúruvernd	23
Fráveitumál	24
Málefni heilbrigðiseftirlits	26
Styrkjasókn á vegum sambandsins	26
Erlent samstarf	27

Í gildi er samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (hér eftir URN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 28. september 2021. Samningurinn felur í sér endurskoðun á samningi frá 2. júní 2018 sem byggðist á samningi frá 27. nóvember 2015. Í 4. gr. samningsins segir að sambandið skuli afhenda ráðuneytinu yfirlit um stöðu helstu verkefna og áherslur fyrir komandi ár í upphafi hvers árs. Yfirlitið skal innihalda greinargerð um framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í 2. gr. og skal því skilað eigi síðar en 30. janúar ár hvert vegna verkefna liðins árs.

Yfirlitið sem hér er lagt fram gerir grein fyrir framkvæmd verkefna á vegum sambandsins á árinu 2023. Jafnframt er fjallað um framkvæmd verkefna sem falla undir sérstakt samkomulag annarsvegar um innleiðingu hringrásarhagkerfis sem kallast *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og hinsvegar innleiðingu Borgað þegar hent er kerfa og er þessari skýrslu ætlað að veita innsýn í umfang og árangur þeirra verkefna.

Nýtt skipurit sambandsins tók gildi 1. desember. Í nýju skipulagi er skerpt á hlutverki sambandsins og horft til þess að gera það í betur stakk búið

til að takast á við þau verkefni og áskoranir sem sambandið sinnir frá degi til dags. Markmiðið með breytingunum er að auka skilvirkni og bæta skipulag, þjónustu, samskipti og upplýsingaflæði, bæði inn og út á við, og auka sýnileika sambandsins gagnvart haghöfum og öðrum landsmönnum. Einnig að skapa skilyrði fyrir aukinni starfsánægju starfsfólks og góðri nýtingu mannauðs og fjármagns.

Með breytingunum er aukin áhersla lögð á teymisvinnu og sviðum fækkað úr fimm í þrjú. Umhverfismál sveitarfélaga tilheyrðu fyrir breytingarnar lögfræði- og velferðarsviði sambandsins en með fækkun sviða færðust þau á stjórnslusvið sambandsins. Innan stjórnslusviðs er starfandi umhverfisteymi sem fer með umhverfistengd verkefni á vegum sambandsins. Sívaxandi umfang verkefna á sviði umhverfis- og loftslagsmála sveitarfélaga kallaði á aukningu stöðugilda og fjölgaði föstum stöðugildum úr einu í þrjú á árinu. Þá urðu til nýjar stöður yfirlögfræðings og samskiptastjóra sem starfa þvert á svið. Gert er ráð fyrir að umræddar breytingar muni efla starfsemi umhverfismála hjá sambandinu.

Úrgangsmál

Auknar skyldur voru lagðar á sveitarfélög um úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis með lögum nr. 103/2021, sem samþykkt voru í júní 2021. Lögin fela í sér innleiðingu Evróputilskipana sem er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Flestar kröfur laganna komu til framkvæmda 1. janúar 2023 og hefur stuðningur við innleiðingu þeirra verið viðamikill í starfsemi sambandsins allt frá gildistöku þeirra. Flest verkefni sambandsins í málaflokknum hafa verið kynnt undir áttakinu *Samtaka um hringrásarhagkerfi* sem hrundið var af stað með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í mars 2022. Í könnun sem sambandið framkvæmdi vorið 2023 kemur í ljós að stuðningsverkefni sambandsins hafa nýtt flestum sveitarfélögum. Höfðu 40 sveitarfélög af þeim 45 sem svöruðu nýtt sér þjónustu sambandsins í úrgangsmálum undangengið ár. Helst höfðu sveitarfélög nýtt sér efni á vefsíðu sambandsins, verið þátttakandi í áttakinu *Samtaka um hringrásarhagkerfi*, mætt á opna viðburði eða vinnustofur á vegum sambandsins eða nýtt sér *Handbók um úrgangsstjórnun*, sjá mynd 1 og 2.

Verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum fundaði 13 sinnum á árinu en þær breytingar urðu á skipan stjórnar á árinu að nýr fulltrúi kom í stað Friðriks Klingbeil Gunnarssonar hjá Reykjavíkurborg. Í verkefnastjórn 2022 – 2026 sitja:


- i) Jón Viggó Gunnarsson frá SORPU bs.
- ii) Steinþór Þórðarsson frá Köllu sorpeyðingarstöð.
- iii) Benedikt Traustason frá Reykjavíkurborg.
- iv) Hrefna Bryndís Jónsdóttir frá Sorpurðun Vesturlands.
- v) Hildigunnur Rut Jónsdóttir frá Akureyrarbæ.
- vi) Stefán Aspar Stefánsson frá Sveitarfélaginu Múlaþingi.

[Smelltu hér til að sjá fundargerðir verkefnastjórnar.](#)



Mynd 1: Niðurstöður könnunar sambandsins þegar spurt var: „Hefur sveitarfélagið nýtt sér þjónustu Sambands íslenskra sveitarfélaga til aðstoðar í úrgangsmálum á síðastliðnu ári?“

Hvaða leið hefur sveitarfélagið notað til þess að fá aðstoð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs?



Mynd 2: Niðurstöður könnunar sambandsins þegar spurt var „Hvaða leið hefur sveitarfélagið notað til að fá aðstoð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs?“.

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrár

Reglulegir fundir sambandsins og URN um innleiðingu hringrásarhagkerfisins héldu áfram á árinu þar sem rætt var um framvindu innleiðingar laganna.

Ráðuneytið gaf út reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 þann 25. júlí. Reglugerðarinnar hafði verið beðið m.a. til að veita sveitarfélögunum nánari leiðsögn við gerð svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum er skylt að vinna svæðisáætlun en flest sveitarfélög þurftu að ráðast í endurnýjun þeirra í kjölfar gildistöku laganna frá 2021. Í aðdraganda útgáfunnar funduðu fulltrúar sambandsins og URN nokkrum sinnum auk þess sem sambandið tók saman nokkrar ábendingar þegar reglugerðin var enn í drögum. Umræðan snérist m.a. um skilgreiningar á hugtakinu *grenndarstöð* og sérstakri söfnun, inntak svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs, undanþágur frá sérstakri söfnun og ábyrgð

sveitarfélaga á heimilisúrgangi frá lögaðilum.

Sambandið hefur í kjölfar útgáfu reglugerðarinnar átt fjölmörg samtöl og fundi með fulltrúum landshlutasamtaka og sveitarfélaga sem eru að vinna svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs á grundvelli laganna frá 2021 og reglugerðarinnar. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undir forystu landshlutasamtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) unnu samræmdar leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin á svæðinu um gerð samþykktar og gjaldskráa og var starfsfólk sambandsins innan handar við þá vinnu. Sum minnisblaða sambandsins sem eru tilgreind í skýrslunni spretta af þeim atriðum sem talið hefur verið þörf á að útlista frekar. Jafnframt áttu sér stað nokkur útboð á vegum sveitarfélaga og leituðu fulltrúar sveitarfélaga til sambandsins um leiðsögn við þá vinnu.


Sambandið tók upp samtal við Umhverfisstofnun haustið 2023 um endurskoðun *Handbókar um úrgangsstjórnun* sem stofnunin hýsir. Um er að ræða vegvísi sveitarfélaga í úrgangsmálum sem fjallar um stefnumótandi ákvarðanir og þjónustu sem sveitarstjórnnum eru faldar samkvæmt lögum. Þörf var á endurskoðun handbókarinnar í kjölfar útgáfu nýrrar reglugerðar. Framkvæmd og útgáfa handbókarinnar er sett fram í aðgerð 22 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum, Í átt að hringrásarhagkerfi. Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun báru sameiginlega ábyrgð á aðgerðinni en samið var um að sambandið færi með framkvæmd hennar.

Ljóst er af ofangreindu að sambandið hefur á fjölbreyttan hátt stutt við innleiðing nýju laganna. Innleiðingin er ein samhangandi heild eins og mynd 3 sýnir. Svæðisáætlunum sveitarfélaga er ætlað að innibera 12 ára áætlun sveitarfélaga um að ná kröfum laga og reglna. Samþykktir og gjaldskrár tilgreina nánar ákvarðanir sveitarfélagsins um hvaða reglur gilda. Innkaup, rekstur, framkvæmdir og önnur innleiðing þarf einnig að vera í samhljómi við lög og reglur, svæðisáætlun og samþykktir viðkomandi svæðis.

Borgað þegar hent er kerfi

Samband íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) standa saman að Borgað þegar hent er hraðlinum. Markmið hans er að styðja sveitarfélög við að innleiða breytta gjaldheimtu í gegnum álagningarkerfi HMS. Alls voru 37 sveitarfélög vítt og breitt um landið þátttakendur í verkefninu undir lok árs 2023. Af þeim höfðu 24 lokið við öll skref verkefnisins og innheimtu samkvæmt Borgað þegar hent er í upphafsálagningu árið 2024.

Borgað þegar hent er hraðallinn er partur af átakinu *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og styður sveitarfélög við að innleiða nýjar lagakröfur. Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum ekki einungis að innheimta gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs sem næst raunkostnaði heldur einnig að hverfa frá innheimtu fastra gjalda. Í stað fasts gjalds, þurfa sveitarfélög að aðlaga innheimtu sína að magni og tegund úrgangs sem handhafi úrgangs lætur frá sér þannig að fasta gjaldið standi aðeins undir 50% kostnaðar við málaflokkinn til ársins 2025 og 25% eftir það. Borgað þegar hent er (BPHE) hentar til að innheimta breytileg gjöld sem taka mið af magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér. BPHE byggir á mengunarbótarreglunni sem segir



Mynd 3: Innleiðing laga, reglna og stjórnsýsla.

að sá sem valdi mengun skuli greiða fyrir þann kostnað sem af henni hlýst.

Forverkefni BPHE hraðalsins hófst með þátttöku tveggja sveitarfélaga, Ísafjarðarbæjar og Grímsnes- og Grafningshrepps, haustið 2022 þar sem markmiðið var að útfæra BPHE innheimtu við hirðu úrgangs við heimili. Í hraðlinum var byggt á aðferð við BPHE innheimtu sem hefur verið kölluð rúmmálsleiðin sem byggir á því að gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs miðist við fjölda íláta, stærð þeirra og flokkum úrgangs. Hraðallinn tókst afar vel og í kjölfarið var farið af stað með stærra innleiðingarverkefni á árinu 2023, sem byggðist á reynslu og niðurstöðum hraðalsins. Áhugasömum sveitarfélögum var boðin þátttaka og skráðu 14 sveitarfélög sig strax til leiks. Ákveðið var að hleypa fleiri sveitarfélögum að í verkefninu er líða tók á árið en alls voru 37 sveitarfélög þátttakendur á árinu 2023, 30 af landsbyggðinni og öll sveitarfélögin 7 á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirkomulag hraðalsins

Til að innsigla þátttöku í verkefninu skrifa þátttökusveitarfélög undir viljayfirlýsingu ásamt fulltrúum sambandsins og HMS. Með undirritun



lýsa sveitarfélögin yfir vilja til þátttöku og samstarfs en eru þó ekki skuldbundin til að ljúka við alla þætti verkefnisins. Þátttaka tryggir sveitarfélögum aðstoð og leiðbeiningagjöf frá sérfræðingum sambandsins, HMS og Advania, sem þjónustar álagningarkerfið, í hverju skrefi yfirfærslunnar í BPHE innheimtu. Sérfræðivinna Advania er kostuð af Sambandi íslenskra sveitarfélaga með ráðstöfun styrks frá URN að hámarki 600 000 kr. á sveitarfélag.

Mánaðarlegir stöðufundir eru annars vegar haldnir reglulega á milli sambandsins, HMS og Advania og hins vegar fyrir þátttökusveitarfélögin þar sem þeim gefst kostur á að varpa fram spurningum og bera saman bækur sínar. Þátttökusveitarfélög fá aðgang að innleiðingar- og tímaáætlun sér til stuðnings og fá aðgang að sameiginlegu Teamssvæði. Verkbættir á ábyrgð sveitarfélaga eru m.a. að vinna að ílátakortlagningu, úfæra gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt BPHE og koma að nauðsynlegri fræðslu til íbúa. Advania sér um að útbúa staðfangaskrár fyrir sveitarfélögin til að framkvæma ílátakortlagningu. Í samvinnu við HMS og Advania er unnið úr upplýsingum og gögnum frá sveitarfélögunum og þau færð inn í álagningarkerfi HMS. Helstu áskoranir felast í uppsetningu gjalda þegar um miðlæga gáma (djúpgáma og gáma á yfirborði), fjölbýli eða svokölluð vandræðastaðföng er um að ræða. Ákveðið var að ráðast sérstaklega í verkefni við að kerfisvæða ferla innan álagningarkerfisins til að einfalda skráningu og utanumhald um miðlæga

gáma sem sérfræðingar Advania unnu haustið 2023. Vinnan við þetta sérverkefni var einnig fjármögnuð með styrk ráðuneytisins.

Miðlæg þjónustugátt

Vinnustofa um þróun miðlægrar þjónustulausnar fyrir BPHE var haldin með sveitarfélögum í samstarfi við HMS og Stafrænt Ísland þann 13. apríl 2023. Markmið vinnustofunnar var að skilja þarfir íbúa og starfsfólks sveitarfélaga betur, greina vandamál er varða þjónustuferla og upplýsingagjöf innan sveitarfélaga vegna gjaldheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs og leita mögulegra lausna. Niðurstaða vinnustofunnar var að þróun miðlægrar þjónustugáttar fyrir notendur og sveitarfélögin á island.is gæti náð utan um þjónustuferli BPHE innheimtu. Í samantekt vinnustofunnar kemur fram að markmið miðlægrar þjónustugáttar ætti að vera:

- » Að upplýsa notendur um hvaða ílát eru til staðar í sveitarfélaginu
- » Að upplýsa hvað ílátin í sveitarfélaginu kosta
- » Að upplýsa hvaða ílát notandi er með við heimili sitt nú þegar
- » Að notandi geti sent inn beiðni til sveitarfélags um breytingu á þjónustu, þ.e. minni, stærri og tvískipt ílát

Sambandið sendi inn umsókn til Stafræns Íslands um samstarf við þetta verkefni og fékk hana samþykka vorið 2023. Vonir standa til að

verkefnið geti hafist á árinu 2024 enda er hér um lausn að ræða sem mun þjóna hagsmunum íbúa og sveitarfélaga um land allt.

Næstu skref

Ljóst er að áframhaldandi stuðnings er þörf við innleiðingu Borgað þegar hent er. Sveitarfélög sem skráð eru til leiks en hafa ekki lokið að fullu við öll skref verkefnisins vilja klára innleiðingu innan ramma þess. Áhugi er einnig á meðal fleiri sveitarfélaga, sem hafa ekki útfært gjaldheimtu

sína miðað við BÞHE, að koma inn í verkefnið. Þá þarf einnig að huga að næstu skrefum sveitarfélaga í breyttri innheimtu og þjónustu við íbúa í tengslum við nýtt kerfi. Má í því samhengi nefna yfirfærslu gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs yfir í 75% breytilegs kostnaðar við áramótin 2024/25, útfærslu á BÞHE innheimtu við grenndar-, endurvinnslu- og söfnunarstöðvar, þróun þjónustugáttar í samstarfi við Stafrænt Ísland og frekari útfærslur á BÞHE innheimtu svo sem með vigtun.



Viðburðir á vegum sambandsins um úrgangsmál

Sambandið stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu til stuðnings sveitarfélögunum um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan. Því til viðbótar bætti sambandið við námskeiðum Sveitarfélagaskóla sambandsins um úrgangsstjórnun sveitarfélaga, hringrásarhagkerfið og loftslagsmál sveitarfélaga. Einnig stendur sambandið að fræðsluþáttum um hringrásarhagkerfið í samstarfi við

framleiðslufyrirtækið Republiki með stuðningi URN en þættirnir verða sýndir á RUV fyrri hluta árs 2024. Sambandið er jafnframt bakhjarl *Allan hringinn*, samstarfsverkefni um hringrásarhagkerfið sem Umhverfisstofnun leiðir. Auk þess hefur sambandið gefið út ýmsar fréttir um umhverfistengd málefni á sveitarstjórnarstigun og haldið úti Facebook hópum um umhverfis- og skipulagsmál og úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

Opnir fundir *Samtaka um hringrásarhagkerfi*:

- » 15. feb.: Hlutdeild Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga
- » 22. mars: Samræmd fræðsla og upplýsingagjöf sem ein undirstaða hringrásarhagkerfis
- » 16. maí : Kröfur til hins byggða umhverfis vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis

Aðrir fundir:

- » 13. sept.: Söfnun og önnur meðhöndlun textíls (lokaður fundur með fulltrúum sveitarfélaga)

Skör ofar - annar áfangi forverkefnis um brennslu í stað urðunar:

- » 25. sept.: Kynning á verkefni
- » 27. okt.: Kynning á niðurstöðum um umhverfismál, rekstrarfyrirkomulag, verðfyrirspurn og kostnaðaráætlun
- » 7. nóv.: Kynning á niðurstöðum um áhættugreiningu
- » 14. des.: Kynning á niðurstöðum um arðsemismat

Könnun á úrgangsstjórnun sveitarfélaga

Sambandið framkvæmdi á árinu könnun meðal sveitarfélaga á úrgangsstjórnun í tengslum við átakið *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og í ljósi þeirra breytinga sem lög nr. 103/2021 höfðu í för með sér. Tilgangur könnunarinnar var að fá yfirlit yfir stöðu og viðhorf til innleiðingarinnar hjá sveitarfélögum. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til að þróa næstu skref átaksins og stuðning sambandsins við sveitarfélög vegna laganna.

Könnunin stóð yfir frá 13. mars til 5. maí 2023 og var send til allra sveitarfélaga í þremur hlutum vegna umfangs hennar. Alls bárust svör frá 55 sveitarfélögum í einn eða fleiri hluta könnunarinnar. Svarhlutfallið var 83% í fyrsta hluta sem sneri að stefnumótun og samþykktum sveitarfélaga, 73% í öðrum hluta þar sem var m.a. könnuð innleiðing á breyttri innheimtu samkvæmt Borgað þegar hent er kerfi og 63% í þriðja og síðasta hluta þar sem sjónum var beint að sérstakri söfnun, innkaupum og kostnaðarpáttöku Úrvinnslusjóðs.

Heilt yfir má sjá á niðurstöðum könnunarinnar að öll sveitarfélög eru að vinna að innleiðingu nýju laganna með einum eða öðrum hætti. Könnunin var framhald af fyrri könnunum sem framkvæmdar voru haustið 2021 og sumarið 2022. Þannig hafa upplýsingar um stöðu málaflokksins hjá sveitarfélögum legið ljós fyrir og verið könnuð með markvissum hætti á síðustu árum. Engin sambærileg könnun hefur legið fyrir um stöðu innleiðingar ákvæða laga nr. 103/2021 hjá atvinnulífinu en við gildistöku þeirra er sett ríkari kröfur á lögaðila til flokkunar úrgangs sem til fellur í þeirra starfsemi.

Skipta má niðurstöðum könnunarinnar upp í fjóra efnisþætti:

1. Stefnumótun og samþykktir

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur í ljós að 23 sveitarfélög vinna eftir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er í gildi af þeim 57 sveitarfélögum sem svöruðu þeim hluta könnunarinnar. 20 sveitarfélög vinna að gerð nýrrar svæðisáætlunar eða hafa hana tilbúna til samþykktar sveitarstjórnar og einungis 6 sveitarfélög undirbúa gerð svæðisáætlunar eða hafa ekki hafið hana. Langflest sveitarfélög, eða 29, hafa farið í vinnu við að endurskoða samþykkt um meðhöndlun úrgangs en 8 af þeim vinna nú þegar samkvæmt nýrri samþykkt.

Flest sveitarfélög hafa hafið undirbúning að innleiðingu breytts fyrirkomulags við innheimtu, Borgað þegar hent er, eða 30 af 57 og búast við að taka upp nýja gjaldheimtu samkvæmt kerfinu á árinu 2023 eða 2024. Þegar könnunin var send út innheimtu 8 sveitarfélög nú þegar eftir Borgað þegar hent er kerfi.

2. Sérstök söfnun

74% sveitarfélaga segja að sveitarstjórn sé hlynnt samræmdri flokkun yfir landið allt, eða 42 af þeim 57 sem svöruðu. Lífúrgangi er safnað við heimili í þéttbýli í 25 af 40 sveitarfélögum sem svöruðu spurningunni og 17 þeirra bjóða upp á slíka söfnun í dreifbýli. Sveitarfélög eru því í einhverjum tilfellum að fara aðrar leiðir í sérstakri söfnun í dreifbýli eins og lög um meðhöndlun úrgangs bjóða upp á. Einungis 15 sveitarfélög svara því til að söfnun á

Lífúrgangi fari fram hjá fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Fyrirtæki bera ábyrgð á því að söfnun á lífúrgangi sem fellur til í starfsseminni eigi sér stað en sama ábyrgð hvílir á þeim og sveitarfélögum við að koma upp sérstakri söfnun heimilísúrgangs.

Söfnun á textíl skal samkvæmt núgildandi lögum fara fram á grenndarstöðvum. Samkvæmt könnuninni er textíl safnað á söfnunarstöðvum á 24 af 40 sveitarfélögum sem tóku þátt í könnuninni og 8 sveitarfélög safna textíl á grenndarstöðvum. Hjá 13 sveitarfélögum fer söfnun á textíl alfarið fram á vegum góðgerðarsamtaka.

3. Úrvinnslusjóður

Sveitarfélög hafa flest kynnt sér kostnaðarþátttöku Úrvinnslusjóðs í úrgangsstjórnun sveitarfélaga eða 35 af 40 sveitarfélögum sem svöruðu og 12 þeirra höfðu kortlagt sérstaklega kostnað vegna sérstakrar söfnunar og hvaða tekjur ættu að skila sér til sveitarfélagsins vegna hennar.

Frá upphafi árs 2023 greiðir Úrvinnslusjóður sveitarfélögum fyrir sérstaka söfnun. Einnig greiðir sjóðurinn skráðum þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun úrgangs og flutning. Sveitarfélög geta orðið þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslurnar beint til sín. Í könnuninni kemur í ljós að sveitarfélög fá allajafna ekki greiðslur frá Úrvinnslusjóði beint til sín vegna ráðstöfunar og flutning úrgangs sem fellur til í viðkomandi sveitarfélagi. Einungis 5 sveitarfélög segjast fá þessar greiðslur af þeim 40 sveitarfélögum sem svöruðu. Í 5 sveitarfélögum er ekki vitað hvernig þessum greiðslum er háttað. Samkvæmt

niðurstöðum könnunarinnar virðast sveitarfélög ekki upplýst um hversu háar upphæðirnar eru sem berast verktaka vegna úrgangs á ábyrgð sveitarfélagsins og erfitt getur reynst að sækja þær upplýsingar. Hjá 3 sveitarfélögum hafði verktaki ekki deilt upplýsingum um tekjur frá Úrvinnslusjóði vegna úrgangs í sveitarfélaginu þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað. Hjá einungis 6 sveitarfélögum voru greiðslur Úrvinnslusjóðs sérstaklega tilgreindar við útboð.

4. Innviðir

Könnunin sýndi að mannafla skortir til að sinna málaflokknum innan sveitarfélaga. Af þeim 40 sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni var úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu sinnt sem hluti af stöðugildi í rúmum helmingi þeirra, eða hjá 22 sveitarfélögum. Auk þess sem enginn bar formlega ábyrgð á málaflokknum hjá 7 sveitarfélögum eða 17,5% af þeim sem svöruðu. Þetta hlutfall var 30% í könnuninni frá 2022 svo að líklega hafa sveitarfélög verið að bæta við starfsfólki til að koma til móts við aukin verkefni með tilkomu nýju laganna.

Skipulag og hönnun byggðar skiptir máli þegar kemur að því að styðja við flokkun og skil á úrgangi. 25 af 40 sveitarfélögum segja að gert sé ráð fyrir flokkun á fjórum flokkum við heimili í þéttbýli við skipulag og hönnun nýrrar byggðar. Einungis 14 sveitarfélög segja að gert sé ráð fyrir nýjum grenndarstöðvum við skipulag nýrra svæða og hjá 4 sveitarfélögum er gert ráð fyrir aðkomuleiðum hirðubíla eins og neyðarbíla á skipulagsuppráttum.



Innkaup í úrgangstjórnun

Einn af þremur hlutum átaksins *Samtaka um hringrásarhagkerfi* kallast „Kaup í anda hringrásarhagkerfisins“. Undir því verkefni var útbúið sniðmát af útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun við heimili og þjónustu grenndarstöðva og gögnin gerð aðgengileg í nóvember 2022. Þessi áhersla sambandsins hélt áfram á árinu 2023 en markmið verkefnisins er að styðja við innkaup sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs þannig að úrgangstjórnun þeirra standist kröfur og markmiðum í málaflöknum sé náð. Sveitarfélög taka ákvörðun um hvort þau sinna sjálf eða útvista verkefnum á þeirra vegum, þ.m.t. í hirðu og annarri meðhöndlun úrgangs.

Innkaup sveitarfélaga sem tengjast úrgangstjórnun, svo sem verðfyrirspurnir, útböð og samningar um verkefni sveitarfélaga í úrgangsmálum, eru því mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. Útböðsgögn og samninga þarf að vinna í takt við áherslur viðkomandi sveitarfélags og þá ábyrgð sem það ber samkvæmt lögum. Ólíkt er á milli sveitarfélaga hvaða þættir eru á hendi sveitarfélagsins og hvað er boðið út. Hafa þarf í huga að ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs fellur ekki niður þó hluta þjónustunnar sé útvistað og sinnt af verktökum sem bjóða úrgangþjónustu.

Á árinu var hafin vinna við endurskoðun sniðmátsins frá 2022 og unnið að þremur sniðmátum sem ætlunin er að gefa út á fyrri hluta árs 2024. Sniðmátin eru eftirfarandi:

- » Útböð á hirðu heimilisúrgangs á lóðum og á grenndarstöðvum
- » Útböð á meðhöndlun úrgangs eftir söfnun
- » Útböð á rekstri söfnunarstöðva

Í lögum frá 2021 er gerð sú krafa til sveitarfélaga að safna textíl og kostaði sambandið minnisblað um innkaup vegna meðhöndlunar á textíl sem Ríkiskaup vann fyrir sambandið. Óskað var eftir álitum stofnunarinnar á því hvort sveitarfélögum sé skylt að bjóða út hirðu og ráðstöfun á textíl og öðrum úrgangi í ljósi breytinga á lögum. Horft var til þess að Rauði krossinn og önnur góðgerðarsamtök höfðu fram að því safnað og meðhöndlað textíl víðsvegar um landið. Niðurstöður minnisblaðs Ríkiskaupa var á þá leið að sveitarfélögum væri ekki skylt á grundvelli laga um opinber innkaup eða reglugerðar um sérleyfissamninga að bjóða út söfnun og aðra meðhöndlun á úrgangi sem þeim er gert að safna ef góðgerðarsamtökum er falið að annast söfnunina og meðhöndlun úrgangsins, þar með talið að hagnýta sér hann, án þess að þiggja annað endurgjald fyrir. Aðrar reglur gilda þegar sveitarfélög greiða fyrir þjónustuna. Ríkiskaup leggja hins vegar til í minnisblaðinu að sveitarfélög geri sérstakan þjónustusamning við þau góðgerðarsamtök sem falið er að framkvæma þjónustuna án endurgjalds þar sem að lágmarki komi fram hvar söfnunin skuli fara fram og hvað teljist eðlilegt þjónustustig, t.d. hversu oft eigi að tæma söfnunarílátin svo sveitarfélagið geti tryggt sínar lögbundnu skyldur samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs.

Sambandið óskaði eftir því að stofnunin legði mat á hvernig sveitarfélög eiga að snúa sér ef fleiri en ein góðgerðarsamtök vilja fá úrganginn og hvernig megi útdeila meðhöndlun úrgangsins m.t.t. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Álit Ríkiskaupa er að sveitarfélögum sé almennt ekki skylt að auglýsa fyrirhugaða ráðstöfun úrgangs á grundvelli óskráðrar meginreglu um úthlutun takmarkaðra gæða. Þau geta því almennt samið beint við góðgerðarsamtök um slíka ráðstöfun. Í einstökum tilvikum, einkum í stærri sveitarfélögum, kann slík skylda þó að vera fyrir hendi.





Kostnaður sveitarfélaganna og málefni Úrvinnslusjóðs

Á árinu voru þjónustugjöld sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs til umræðu en kostnaður sveitarfélaganna er áætlaður um 9,1 milljarðar á árinu 2022 og tekjur um 8 milljarðar. Frá upphafi árs 2023 á Úrvinnslusjóður, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, að greiða fyrir sérstaka söfnun á pappír og pappa, plasti, gleri, málmum, viði, spilliefnum og öðrum umbúðum og vörum sem bera úrvinnslugjald. Einnig greiðir sjóðurinn skráðum þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun úrgangs og flutning. Sveitarfélög geta orðið þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslurnar beint til sín.

Komið hefur í ljós að kostnaðarþátttaka Úrvinnslusjóðs vegna vara sem bera úrvinnslugjald og skila sér í söfnunarkerfi sem sveitarfélögin reka er óveruleg en þarf að kortleggja betur. Árið 2022 fengu sveitarfélögin 106 milljónir úr Úrvinnslusjóði eða 5,6% af greiðslum sjóðsins. Greiðslur til sveitarfélaga fyrir árið 2023 liggja ekki fyrir. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar hafa samkvæmt upplýsingum sambandsins í sumum tilfellum ekki skilað sér til sveitarfélaga eða hafa skilað sér seint. Sjóðurinn hefur borið það fyrir sig að upplýsingar frá verktökum sveitarfélaga hafi ekki borist. Engar greiðslur hafa borist vegna hreinsunar á víðavangi þrátt fyrir að nokkur sveitarfélög hafi leitað eftir þeirri kostnaðarþátttöku Úrvinnslusjóðs skv. fyrirbyggjandi gjaldskrá sjóðsins. Fulltrúar

sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs hafa komið því á framfæri að eðlilegt sé að greiðslur sjóðsins vegna sérstakrar söfnunar byggðust á gögnum sveitarfélaga yfir kostnað vegna meðhöndlunar úrgangs þar sem þjónustuaðilar hafa litla hvata til að skila inn skilagreinum vegna sérstakrar söfnunar. Líklega þarf að endurskoða fyrirkomulagið í ljósi reynslunnar eða gera þjónustuaðilum skylt í lögum að skila þessum upplýsingum til sjóðsins. Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs bókuðu eftirfarandi á fundi sjóðsins 10. mars 2023: „Í skilmálum Úrvinnslusjóðs er gert ráð fyrir að greiðslur til sveitarfélaga byggist á gögnum sem verktakar á þeirra vegum skila til Úrvinnslusjóðs. Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs óska eftir að sjóðurinn bregðist við ef þau gögn berast ekki af einhverjum ástæðum þannig að greiðsluþátttaka Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar verði tryggð.“

Kostnaðarmat laganna ætlar ekki að ganga eftir

Sveitarfélögum ber samkvæmt lögum að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, bæði heimilis- og rekstrarúrgang. Þetta á við um úrgang sem safnað er á lóðum íbúa og rekstraraðila eða á grenndar-, söfnunar- og móttökustöðvum. Með auknum kröfum í kjölfar laganna frá 2021 hefur kostnaður sveitarfélaga vaxið með tilheyrandi

hækkun þjónustugjalda. Í kafla 6.1 í frumvarpinu er fjallað um hvernig kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs á að koma á móts við kostnað sveitarfélaga vegna breytinga á sérstakri söfnun.

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald muni dekkja kostnað við bæði sorphirðu og meðhöndlun nokkurra úrgangstegunda sem mun lækka framangreinda kostnaðaraukningu sveitarfélaga verulega. Þannig má gera ráð fyrir að einungis kostnaðaraukning vegna lífúrgangs falli á sveitarfélög og þau njóti alls ávinnings af minni hirðutíðni fyrir blandaðan úrgang og því næmi kostnaðaraukningin aðeins um 215 millj. kr.

Kostnaðarmatsverkefni sambandsins

Sambandið ákvað að ráðast í kostnaðarmatsverkefni í nóvember og er verkefnið í tveimur áföngum. Stefnt er á að niðurstöður fyrri áfanga liggi fyrir í mars 2024 og þess síðari í júní. Markmið verkefnisins er að bæta yfirsýn yfir kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs og að kanna möguleika á að staðla bókhaldsfærslur í málaflokknum. Í reg. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er gert ráð fyrir að útgjöld fyrir meðhöndlun úrgangs séu færð niður á tvo liði undir málaflokknum hreinlætismál. Mikið tækifæri er fólgið í endurskoðun þess fyrirkomulags svo að bókhaldsfærslur sveitarfélaga næðu betur utan um útgjaldaliði og tekjur. Einnig þyrfti að horfa á reglugerðina og bókfærslur sveitarfélaga í ljósi innleiðingu á Borgað þegar hent er kerfa við innheimtu. Með slíku kerfi þarf hvert sveitarfélag að þekkja kostnað við söfnun og aðra meðhöndlun mismunandi úrgangsstrauma og gera mætti slíkt mun auðveldara ef útgjöld eru bókfærð með það fyrir augum.

Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum í verkefninu:

1. Hvernig er kostnaður og tekjur sveitarfélaga að þróast fyrir meðhöndlun úrgangs síðastliðin 10 ár?
2. Eru sveitarfélög að uppfylla lagakröfur þegar kemur að bókfærslum, gjaldskrárgerð og innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs?

3. Hvernig þurfa bókhaldsfærslur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs að breytast svo þær nái betur utan um útgjaldaliði og tekjur í málaflokknum og styðji við breytta innheimtu sveitarfélaga vegna innleiðingar Borgað þegar hent er?
4. Eru sveitarfélög með nægjanlegar upplýsingar og yfirsýn yfir kostnaðarmyndun í málaflokknum?
5. Hver er kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs vegna kostnaðar sveitarfélaga á meðhöndlun á úrgangi á ábyrgð Úrvinnslusjóðs?
6. Hvernig eru fjárfestingar að stuðla að því að sveitarfélög uppfylli hlutverk sitt og ábyrgð skv. nýju lögnum og eru vísbendingar um að innviði skorti?

Auglýst var eftir áhugasömum sveitarfélögum til þátttöku í kostnaðarmatsverkefninu og gert ráð fyrir að fimm sveitarfélög yrðu valin út frá eftirfarandi valforsendum:

- » Dreifing yfir landið, m.t.t. til stærðar, staðsetningar, dreifbýli eða þéttbýli eða hvoru tveggja
- » Rekstrarform á þjónustu (samningur við verktaka, byggðasamlag eða annað)
- » Stöðu gagnvart innleiðingu nýrra lagakrafna
- » Svigrúm til að leggja fram vinnu til verkefnisins (mannauður, tími, geta o.s.frv.)
- » Aðgengi að upplýsingum

Sveitarfélögin Garðabær, Ísafjörður, Rangárþing eystra, Skagafjörður og Suðurnesjabær urðu fyrir valinu en alls bárust 22 umsóknir frá breiðum og fjölbreyttum hópi sveitarfélaga. Sveitarfélögum, sem urðu ekki fyrir valinu, bauðst að taka þátt í bakhópi um kostnað sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs, sem verður starfræktur á meðan verkefninu stendur. Fleiri sveitarfélög hafa síðan þá óskað eftir að taka þátt í bakhópnum.

Loftslagsmál

Í samstarfssamningi milli URN og sambandsins er gert ráð fyrir því að sambandið veiti ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um stefnu og aðgerðir í loftslagsmálum, hvort sem varðar samdrátt í losun eða aðlögun að loftslagsbreytingum, með hliðsjón af lögum um loftslagsmál og gildandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og öðrum þeim stefnum og reglum er tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig er gert ráð fyrir þátttöku sambandsins í starfshópum er varða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og gerð aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Fulltrúar sambandsins sitja einnig í Loftslagsráði.

Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórn Byggjum grænni framtíðar og hefur tekið þátt í gerð vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð sem stendur til að endurskoða á árinu 2024.

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Undanfarin ár hafa aðgerðir um aðlögun að loftslagsbreytingum verið í forgrunni vinnu sambandsins er kemur að loftslagsmálum. Sveitarfélög á Íslandi eru þegar farin að finna fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og eru staðbundnar aðgerðir aðkallandi til að takast á við þessar áskoranir. Sambandið hefur komið að ýmsum verkefnum er varða greiningu á aðgerðum, fjármögnun og hlutverki sveitarstjórnarstigsins í aðlögunaraðgerðum. Þar ber helst að nefna þátttöku í stýrihópi á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Hrönn Hrafnadóttir, sérfræðingur í loftslagsmálum hjá Reykjavíkurborg, sat sem fulltrúi sambandsins í hópnum. Stýrihópurinn skilaði af sér skýrslunni Loftslagspolið Ísland haustið 2023 eftir víðtækt samráðsferli um mótun og forgangsröðun aðgerða. Skýrslan inniheldur tillögu að 93 aðgerðum sem verða mótaðar frekar inn í landsáætlun. Aukinheldur lagði stýrihópurinn til fjórar forgangsaðgerðir, er varða gerð gagnagrunna, sem ættu að koma til framkvæmda samhliða gerð landsáætlunar.

Sambandið hefur haft aðkomu að mótun og framkvæmd aðgerðar í núgildandi byggðaáætlun 2022-2036 (C.10 Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög) sem miðar að því að móta heildstæða nálgun íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga. Aðgerðin er

á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins en framkvæmd í samstarfi við Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og skrifstofu Loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands. Aðkoma sambandsins hefur einkum falist í því að vinna með ábyrgðar- og framkvæmdaraðilum að skrifum styrkumsóknar til Evrópusambandsins um "Technical Assistance", annars vegar í tengslum við skrif á LIFE SIP umsókn og hins vegar "Technical Assistance" í tengslum við aðkomu sambandsins að "Mission on Adaptation to Climate Change".

Sameiginleg verkefni URN og sambandsins

Á árinu fóru fram reglulegir samráðsfundir á milli sambandsins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem rædd voru sameiginleg markmið í málaflokknum og leiðir til aukins samstarfs á milli ríkis og sveitarfélaga. Afurð þessara funda var gerð minnisblaðs um tillögu að gerð loftslagssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið með gerð loftslagssáttmálans var að gera rammisamning utan um samstarf þessara aðila á sviði loftslagsmála til framtíðar þar sem eftirtöldum atriðum yrði náð:

1. Auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga í að mæta áskorunum loftslagsmála
2. Tryggja betri yfirsýn yfir framlag sveitarstjórnarstigsins í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda
3. Framkvæma markvissar og samræmdar svæðisbundnar aðlögunaraðgerðir þar sem forgangsröðun fjármagns byggir á mati á áhættu
4. Efla svæðisbundið samstarf sveitarfélaga í loftslagstengdum verkefnum, m.a. í gegnum landshlutasamtök
5. Auka þekkingarsköpun á sveitarstjórnarstigi um loftslagsmál og að nýjustu upplýsingar og rannsóknir sem nýtast í loftslagsstarfi sveitarfélaga séu aðgengilegar á einum stað
6. Tryggja samlegð með aðgerðum svo tími og fjármunir nýtist sem best og forðast tvíverknað

Í minnisblaðinu er gerð tillaga að helstu samstarfsverkefnum og hvernig verka- og ábyrgðarskiptingu milli ríkis- og sveitarfélaga yrði háttað. Tillagan að gerð loftslagssáttmála ríkis og sveitarfélaga er einn þáttur af samningi ráðuneytis og sambandsins 2022-2025 þar sem greint er frá fjármögnun umræddra verkefna.

Helstu samstarfsverkefni sem eru skilgreind í sáttmálanum eru:

1. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum:
Innleiðing á framkvæmd loftslagsaðgerða á sveitarstjórnarstigi undir uppfærðri áætlun
2. Loftslagsþolin sveitarfélög: Aðlögun að loftslagsbreytingum á sveitarfélagsstigi
3. Loftslagsstefnur sveitarfélaga um eigin rekstur: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögum og gagnkvæmar skyldur ríkis til leiðbeiningar og eftirlits
4. Sameiginleg og samtengd loftslagsmarkmið ríkis og einstakra sveitarfélaga eða landshluta
5. Stjórnun og skipulag Verkfærakistu Loftslagsvænni sveitarfélaga
6. Samstarf um sjóðasókn vegna þessara verkefna í samræmi við aðgerð C.3 í Byggðaáætlun - Grænt og snjallt Ísland

Loftslagssáttmáli ríkis og sveitarfélaga yrði jákvætt skref í átt að auknu og markvissara samstarfi aðila á milli við að ná betri tókum á loftslagsvánni samhliða eflingu sveitarfélaga í málaflokknum.

Viðburðir á vegum sambandsins um loftslagsmál

Sambandið koma að ýmsum fundum og viðburðum um loftslagsmál á árinu. Ber þar helst að nefna fræðsluviðburð í samstarfi við Mannvit um áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög, fyrirtæki, íbúa og innviði í landinu sem haldinn var 3. febrúar á Grand Hótel Reykjavík og í streymi. Nefndist viðburðurinn [Innviðir og loftslagsbreytingar](#). Einnig kom sambandið að vinnustofu sem haldin var af URN þann 13. nóvember á Hótel Natura og í fjarfundi. Vinnustofan bar heitið [Framlag sveitarfélaga til loftslagsmála til 2030](#) og ætluð kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga. Vinnustofan var haldin í tengslum við uppfærslu aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.



Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Sveitarfélögin eru lykilaðilar við að uppfylla skyldur Íslands við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur leitt mikilvæga vinnu með sveitarfélögum við að innleiða heimsmarkmiðin á staðbundinn hátt frá árinu 2018. Náið samstarf hefur verið frá upphafi á milli sambandsins og forsætisráðuneytisins um innleiðingu heimsmarkmiðanna, m.a. varðandi uppsetningu á verkfærakistu fyrir sveitarfélögin og þróun sameiginlegra árangursvísa. Innleiðing heimsmarkmiðanna hefur heyrt undir samstarfsvettvanginn Sjálfbært Ísland sem tók formlega til starfa undir lok árs 2022. Markmið Sjálfbærs Íslands er að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og velsældaráherslum ríkisstjórnarinnar. Sambandið hefur tekið virkan þátt í vinnu þessa vettvangs og á fulltrúa bæði í sjálfbærniráði og í sérstökum stýrihópi um heimsmarkmiðin.


Heimsmarkmiðin eru áberandi í stefnumörkun sambandsins og er þannig kveðið á um í meginmarkmiði 1.12 að heimsmarkmiðin skuli vera leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi. Jafnframt stendur í markmiði 9.11 að sambandið eigi að styðja sveitarfélög í innleiðingu markmiðanna og eiga gott samstarf við ríkið um frekari eftirfylgni og þróun verkfærakistu og mælikvarða um framgang markmiðanna. Vinnuhópur ríkis og sveitarfélaga hefur lagt fram ákveðna valkosti varðandi þróun árangursvísa fyrir sveitarfélög en enn hefur ekki samkomulag náðst um fjármögnun þeirra.

Sambandið framkvæmdi könnun á meðal sveitarfélaga um stöðu þeirra á innleiðingu heimsmarkmiðanna og annarri vinnu tengdri sjálfbærni á vormánuðuðum 2023. Niðurstöður hennar voru birtar í landrýnskýrslu Íslands til Sameinuðu þjóðanna um stöðu heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Í tengslum við könnunina var einnig efnt til [fræðslufundar þann 29. mars](#), sérstaklega ætluðum þeim sveitarfélögum sem hafa ekki hafið vinnu með markmiðin. Þátttaka sveitarfélaga í könnuninni var afar góð en

61 sveitarfélag svaraði af alls 64. Samkvæmt niðurstöðum hennar eru 61% sveitarfélaga að tengja sjálfbærni verkefni sín við heimsmarkmiðin og 25% hafa áhuga á því en hafa ekki hafið þá vinnu. Þá svöruðu 37% sveitarfélaga að þau væru að vinna með sjálfbærni án tengingar við heimsmarkmiðin. Þó að niðurstöður sýndu að flest sveitarfélög vinni að heimsmarkmiðunum og sjálfbærni á einn eða annan hátt, leiddu þær einnig í ljós að sveitarfélögin voru mjög mislangt komin í að samþætta þá vinnu við sín verkefni. Það kemur ekki á óvart að þegar sveitarfélögin voru spurð hverjar væru helstu hindranirnar við að innleiða heimsmarkmiðin á staðbundinn hátt, svöruðu flest þeirra eða 74% að skortur á fjármagni og starfsfólki til að sinna verkefninu væri helsta hindrunin. Vísbindingar voru einnig í svörum um að núverandi efnahagsástand myndi hægja eða hafa önnur neikvæð áhrif á framgang innleiðingar þeirra. Lesa má samantekt á niðurstöðum könnunarinnar hér: [The SDGs in Icelandic municipalities](#).

Sambandið skilaði inn Voluntary Subnational Review (VSR) til Alþjóðasamtaka sveitarfélaga (UCLG) í tengslum við landrýnskýrslu Ísland. Þá má geta þess að einnig fer fram vinna hjá sambandinu við gerð norrænnar skýrslu um framgang heimsmarkmiðanna í norrænum sveitarfélögum í samstarfi við Nordregio og öll norrænu sveitarfélagasamböndin. Skýrslan verður kynnt á High Level Political Forum (HLPF) hjá Sameinuðu þjóðunum í New York í júlí nk.

Sambandið birti stafrænt námsefni um innleiðingu heimsmarkmiðanna í Sveitarfélagaskólanum en ljóst er að þau sveitarfélög sem eru á byrjunarreit gagnvart markmiðunum þurfa enn meiri stuðning til að hefja vegferðina. Í endurskipulagningu sambandsins verður sérstaklega horft til vinnu með heimsmarkmiðin og hvernig hún samtvinnast við öll verkefni sem sambandið sinnir.



Minnisblöð sambandsins

Sambandið vann ýmis minnisblöð á árinu 2023. Sum þeirra hafa verið gerð opinber og eru aðgengileg á heimasíðu sambandsins:

- » [Borgað þegar hent er hraðall – minnisblað um verkefni sambandsins](#)
- » [Minnisblað breyting gjaldskráa vegna BPHE](#)
- » [Minnisblað BPHE lífúrgangur og sérsöfnun við heimili](#)
- » [Minnisblað um ábyrgð sveitarfélaga á söfnun og meðhöndlun textíls](#)
- » Minnisblað um samband laga um meðhöndlunar úrgangs við skipulags og byggingarlöggjöf
- » Minnisblað um sérsöfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum
- » Minnisblað um innleiðingu samnorrænna flokkunarmerkinga
- » Minnisblað um hvað sé sérstök söfnun
- » Minnisblað um kostnað við meðhöndlun úrgangs
- » Minnisblað um veiðarfærasamning
- » Minnisblað sambandsins og SORPU um söfnun á textíl – vinnuskjal

Umsagnir sambandsins á árinu

Umsagnir um lagafrumvörp

Heiti	Umsögn
Breyting á lögum um dýrasjúkdóma o.fl., 483. mál	24.11.2023 Minnisblað
Samgönguáætlun 2024-2038, 315. mál	26.10.2023
Frumvarp til fjárlaga 2024, 1. mál	06.10.2023
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál	16.03.2023
Frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgagna og byggðamála, 735. mál	15.03.2023

Aðrar umsagnir sambandsins

Heiti	Umsögn
Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, 535. mál	18.12.2023
Drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, S-238/2023	07.12.2023
Stefna matvælaráðuneytis um uppbyggingu og umgjörð lagareldis, S-182/2023	02.11.2023
Endurskipulagning stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, S-170/2023	20.10.2023
Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, S-193/2023	20.10.2023 Minnisblað
Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038, 182. mál	17.10.2023
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, 181/2023	13.10.2023
Áform um frumvarp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og Minjastofnun, S-168/2023	04.10.2023
Áform um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, S-172/2023	04.10.2023
Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun (sameining stofnana), S-103/2023	02.10.2023
Áformaskjal vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002	18.09.2023

Umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. S-119/2023	28.08.2023
Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.), S-132/2023	18.08.2023
Drög að samgönguáætlun, S-112/2023	20.07.2023
Drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli, S-100/2023	14.06.2023
Áform um lagasetningu vegna fyrirhugaðrar sameiningar stofnana umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins, S-103/2023	09.06.2023
Umsögn um skýrslu starfshóps um valkosti og greiningu á vindorku, S-84/2023	17.05.2023
Reglugerð um náttúruhamfaratryggingu Íslands, 92/2023	23.05.2023
Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál	24.04.2023
Tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu, 914.- mál	17.04.2023
Hvítbók í málefnum sveitarfélaga, S-72/2023	14.04.2023
Skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi, S-49/2023	04.04.2023
Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, S21/2023	17.02.2023
Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, S33/2023	27.02.2023
Drög að landbúnaðarstefnu, S30/2023	23.02.2023
Áform um breytingar á lögum um Orkusjóð S-250/2022	09.01.2023



Náttúruvernd

Af hálfu URN er í undirbúningi sameining stofnana sem starfa á sviði náttúruverndar. Um er að ræða áform sem eru hluti endurskipulagningar stofnana sem heyra undir ráðuneytið. Annars vegar er um að ræða sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og hins vegar sameiningu starfssviðs Umhverfisstofnunar sem heyrir undir náttúruvernd við Minjastofnun, Vatnajökulsþjóðgarð og þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Sambandið skilaði inn umsögnum um frumvarp til laga um umræddar sameiningar þess efnis að ekki væri lagst gegn fyrirhuguðum breytingum þar sem ákveðin samlegð er með þeim verkefnum og hlutverkum stofnana sem sameina á. Sambandið benti á að mikilvægt væri að sem minnst rask yrði á starfsemi þessara stofnana við sameiningu þannig að tafir yrðu ekki á afgreiðslu mála eða framgang verkefna. Mikilvægt væri að halda í þá þekkingu og mannauð sem hefði byggst upp innan

núverandi stofnana. Í tengslum við fyrirhugaðar sameiningar telur sambandið æskilegt að hlutverk náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa verði rýnd og skoðað hvar snertipunktur liggja við nýjar stofnanir. Sambandið hefur komið því á framfæri við ráðuneytið að farið verði í heildarendurskoðun á stjórnskipulagi náttúrustofa, samhliða vinnu við sameiningu stofnana. Umsagnir sambandsins má sjá nánar undir sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Sambandið kom að skipulagningu ársfundar náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, náttúrustofa og Umhverfisstofnunar sem fyrirhugað var að halda á Ísafirði í október 2023. Yfirskrift fundarins var „[Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?](#)“ og horft til áhrifa á náttúru og samfélags. Vegna veðurs var ákveðið að fresta fundinum fram til 21. mars 2024.

Fráveitumál



Sambandið á fulltrúa í samráðshópi um fráveitur en markmið hópsins er að efla samráð og samvinnu um fráveitu og skólphreinsun. Á árinu fór mikil vinna í að fylgjast með endurskoðun ESB á fráveitutilskipun Evrópusambandsins, sem er hluti af aðgerðaráætlun ESB um s.k. „núllmengun“ (e. Zero pollution action plan). Núgildandi tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli er frá árinu 1991. Sú tilskipun var á sínum tíma tekinn inn í EES samninginn og því má fastlega gera ráð fyrir að hið sama muni gilda um endurskoðaða tilskipun.

Samkvæmt núverandi tilskipun ber að tryggja að skólp frá þéttbýli sem losar yfir 2.000 persónueiningar (pe) sé safnað og meðhöndlað í samræmi við tilteknar lágmarkskröfur. Úttekt framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2019 á framkvæmd tilskipunarinnar undanfarna þrjá áratugi leiddi í ljós að framkvæmdin hefur reynst árangursrík við að draga úr mengun vatns og bæta meðhöndlun skólps á þeim þéttbýlissvæðum sem hún tekur til. Endurskoðun tilskipunarinnar miðar m.a. að því að ná til enn smærri þéttbýla (1.000 pe), auk þess sem henni er ætlað að ná til mengunar vegna örplasts og lyfjaleyfa.

Ísland hefur fylgst náið með málinu frá því að drög að endurskoðaðri tilskipun voru lögð fram í október 2022. Náið samstarf hefur verið á milli ÚRN og sambandsins við að koma athugasemdum Íslands á framfæri, en bæði íslensk stjórnvöld og sambandið, í samstarfi við Samorku og Veitur sendu athugasemdir til framkvæmdastjórnar ESB í tengslum við samráðsferlið sem ESB stóð fyrir. Þá kom sambandið að vinnu Evrópusamtaka sveitarfélaga sem einnig hafa komið athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórn ESB.

Þó að Ísland styðji metnaðarfull markmið tilskipunarinnar, sérstaklega varðandi vernd ferskvatns og hafs, hefur Ísland lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að hafa sveigjanleika í tilskipuninni til að mæta aðstæðum í strjálbýlu landi eins og Íslandi, þar sem aðstæður eru oft á tíðum afar ólíkar því sem gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Hefur þannig verið lögð áhersla á að taka þurfi tillit til sérstakra aðstæðna að þessu leyti til að kostnaður verði í samræmi við aukinn ávinning fyrir umhverfið þannig að framkvæmd tilskipunarinnar verði hagkvæm og raunhæf.

Með fyrirvara um endanlega útfærslu á texta tilskipunarinnar, þá lítur út fyrir að nokkur af þeim atriðum sem Ísland hefur bent á hafi verið tekin til greina. Þar má t.d. nefna:

1. Áfram verði hægt að skilgreina síður viðkvæma viðtaka þegar um er að ræða losun frá minni þéttbýlum í strandsjó
2. Lengri tímafrestir og tilteknar undanþágur áfram heimilaðar
3. Tenging við stjórn vatnamála og að áhættumat og áhættustjórnun verði beitt og liggi til grundvallar forgangsröðun og ákvörðunum um meðhöndlun skólps.

Hins vegar lítur út fyrir að viðmiðið verði 1.000 þe í stað 2.000 þe eins og er í núgildandi tilskipun, sem er atriði sem sambandið mælti á móti í sínum athugasemdum.

Meðal helstu breytinga sem ný tilskipun mun væntanlega fela í sér, sbr. þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, eru eftirfarandi:

Gildissvið tilskipunarinnar

Lagt er til að gildissvið tilskipunarinnar verði víkkað út þannig að hún taki til fráveitna með 1.000 persónueiningum (þe) í staðinn fyrir 2.000 þe samkvæmt gildandi tilskipun. Í þessu felst að skylt verður að setja upp söfnunar- og hreinsikerfi fyrir fráveitu skólps frá slíku þéttbýli og verður frestur til að uppfylla þessa skyldu til ársins 2035. Í fyrirliggjandi samkomulagi felst að bætt er við tilteknum undanþágum fyrir fráveitur smærri

þéttbýlisstaða sem losa í strandsjó eða síður viðkvæma viðtaka (e. less sensitive areas).

Áætlanir um stjórn fráveitumála

Kveðið er á um skyldu aðildarríkja til að setja fram áætlanir um stjórn fráveitumála fyrir stærri þéttbýlisvæði sem endurskoða skal á sex ára fresti í samræmi við tilskipun um stjórn vatnamála.

Skólphreinsun

Skylda til að beita svonefndri tveggja þrepa hreinsun áður en skólp er losað út í umhverfið er útvíkkuð þannig að hún nái til allra þéttbýlisstaða sem losa yfir 1.000 þe og skulu kröfur þar að lútandi uppfylltar fyrir árið 2035. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að skylda til að viðhafa þriggja og síðan fjögurra þrepa hreinsun verði innleidd í áföngum. Tilteknar undanþágur verða heimilaðar fyrir smærri þéttbýlisstaði.

Framlengd framleiðendaábyrgð

Til að standa straum af þeim viðbótarkostnaði sem mun fylgja fjórða þreps hreinsun er gert ráð fyrir því að framleiðendum lyfja og snyrtivara, sem hafa megnun í för með sér, verði gert að greiða að lágmarki 80% af kostnaði við þá viðbótarhreinsun sem um ræðir.

Orkuhlutleysi og endurnýjanleg orka

Gerðar verða kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda við starfrækslu fráveitu- og skólphreinsistöðva. Gert er ráð fyrir að frá og með árinu 2045 verða hreinsistöðvar í þéttbýli færar um að framleiða orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum sem til falla í starfsemi sem muni mæta kröfum um orkuhlutleysi þeirra að hluta a.m.k.



Málefni heilbrigðiseftirlits

Á árinu kom út skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Þar eru lagðar til úrbætur sem ef af verða munu hafa mikil áhrif á starfsemi sveitarfélaga í málaflokknum. Sambandið hefur fengið kynningu á niðurstöðum skýrslunnar sem og fulltrúar heilbrigðiseftirlitanna og reiknar

sambandið með samstarfi við ráðuneytið árið 2024 um eftirfylgni niðurstaðna hennar.

Á árinu 2023 var ráðuneytið að vinna að breytingum á ýmsum reglugerðum er lúta að hollustuháttum og var í góðu samstarfi við sambandið um þær breytingar.



Styrkjasókn á vegum sambandsins

Í gildi er samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna tímabundinnar ráðningar sérfræðings í tengslum við þátttöku sambandsins í Aðlögunarleiðangri Horizon Europe og framkvæmd aðgerðar C.3, Grænt og snjallt Ísland, í byggðaáætlun 2022-2036.

Á árinu var ráðinn sérfræðingur sem hefur sinnt eftirfarandi verkefnum:

- » Samtal um Græna styrki, kynningarátak, í samstarfi við Rannís. Öllum landshlutasamtökum var boðið upp á heimsókn og kynningu á styrkjatækifærum á sviði umhverfis- og loftslagsmála.
- » Landstengiliður fyrir European City Facility,

tækifæri fyrir sveitarfélög til að sækja styrki við gerð fjárfestingaáætlana vegna orkuskipta.

- » Samstarf við Umhverfisstofnun og fleiri við skrif, og skil, á umsókn vegna LIFE SIP ICEWATER verkefnis - innleiðing vatnatilskipunar á Íslandi. Stuðningur við þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu.
- » Samstarf við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og fleiri við skrif, og skil, á umsókn um Technical Assistance styrk vegna skrifa á umsókn um LIFE SIP (PRE) ICENAP verkefnis - framkvæmd á aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum á Íslandi.
- » Samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri vegna skrifa, og skila, á umsókn um styrk vegna verkefnisins LIFE SAP

Peatland LIFEline.is - Endurheimt votlendis og tengdra vistkerfa.

- » Seta í stjórnarnefnd LIFE áætlunarinnar.
- » Þátttaka fyrir Íslands hönd í Aðlögunarleiðangri Horizon Europe og tengdum vinnuhópum, sem og gefið út mánaðarlegt fréttabréf: *Leiðangurinn*, þar sem fjallað er um aðild Íslands og veittar upplýsingar um stoðgögn og styrkjatækifæri sem tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Samstarf við URN og Byggðastofnun vegna umsóknar um Technical Assistance styrk í tengslum við aðgerð C.3 í byggðaaætlun og aðild að

Aðlögunarleiðangri.

- » Tekið þátt í *Interterritorial working group on climate resilience* á vegum JRC, EIT Climate KIC og DG CLIMA framkvæmdastjórnar ESB, sem leiddi m.a. af sér úttekt á vegum JRC: *Study on Transformative Innovation for better Climate Change Adaptation*.
- » Miðlun upplýsinga um styrkjatækifæri til sveitarfélaga og landshlutasamtaka.
- » Undirbúningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir þátttöku í sjóðasókn og rekstri verkefna styrktra af Evrópusambandinu.

Erlent samstarf

EES-samstarf

Forstöðumaður Evrópuskrifstofu sambandsins í Brussel, ásamt verkefnisstjóra og sérfræðingi sambandsins í umhverfismálum funda reglulega með ráðuneytinu og fulltrúa þess í sendiráðinu í Brussel um evrópulöggjöf sem er í undirbúningi á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sem og um styrkjatækifæri í gegnum LIFE og fleiri evrópskar áætlanir.

Þá tekur sambandið þátt í fundum EES-stýrihóps stjórnarráðsins, en meðal þess sem stýrihópurinn ber ábyrgð á er EES-forgangslisti ráðuneytanna.

Á meðal EES forgangsmála sem varða umhverfis- og loftslagsmál og snerta sveitarfélög má nefna:

- ETS-viðskiptakerfið og þá einkum að bæta eigi byggingum við kerfið.
- Orkunýtni bygginga, sem er hluti af hreinorkupakka ESB. Ísland er með undanþágu frá núgildandi tilskipun sem er frá 2010. Undanþágan er að vísu skilyrt að því leyti að Ísland þarf að taka til greina nýmæli í tilskipun sem er frá 2018, t.d. hvað varðar snjallvæðingu bygginga og hleðslumöguleika fyrir rafbíla. Sambandið hefur lagt áherslu á að skoðað sé, í samráði við sambandið, hvort ekki sé rétt að viðhalda þeim undanþágum sem Ísland hefur í tengslum við núgildandi tilskipun.
- Reglur sem ESB vinnur að og varða losun og kolefnisbindingu sem tengist landnotkun og skógrækt.
- Neysluvatn, en í forgangslistanum er



- einmitt sérstaklega áréttað að nýjar reglur á þessu sviði kunni að hafa áhrif á starfsemi sveitarfélaga og að tryggja þurfi að breytingum á núverandi ESB-regluverki fylgi ekki óþarfa byrðar á stjórnarsýsluna. Þá er einnig sérstaklega nefnt að tryggja þurfi að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.
- Hitaveitur og glatvarmi, en í tillögum ESB eru settar fram kröfur um samþættingu hita- og dreifikerfa rafmagns. Í forgangslistanum er tekið fram að gæta þurfi að því að ekki séu settar fram kröfur sem henta ekki innlendum aðstæðum hitaveitna. Í því tilliti er t.d. nefnt að skoða þurfi sérstaklega hvort íslenskar hitaveitur falli áfram undir undanþágur vegna hárrar hlutdeildar endurnýjanlegrar orku.
- Líf- og rafeldsneyti í samgöngum og hvatakerfi/viðskiptakerfi þeim tengt, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir strjálbýl sveitarfélög á Íslandi.

Á EES-forgangslistanum vantaði hins vegar endurskoðun á tilskipun varðandi fráveitumál. Sambandið lagði til á sínum tíma, að fráveitumálin væru á forgangslistanum og þess má geta að þeim hefur nú verið bætt við uppfærðan EES-forgangslista.

Þrátt fyrir að fráveitumálin væru ekki á forgangslistanum, þá reyndust þau fyrirferðarmikil í hagsmunabaráttu bæði sambandsins og ráðuneytisins á árinu. Bæðiráðuneytið og sambandið, í samstarfi við Samorku, sendu athugasemdir til framkvæmdastjórnar ESB í samráðsferli sem fram fór á árinu. Þá kom sambandið að vinnu við athugasemdir sem Evrópusamtök sveitarfélaga (CEMR) sendi framkvæmdastjórn ESB í tengslum við sama samráðsferli. Auk þess funduðu bæði ráðuneytið og sambandið reglulega um málið, ásamt sérfræðingum frá Umhverfisstofnun, Samorku, Veitum og Orkuveitunni. Einnig fóru fram fundir með sérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins, sérfræðingum á vegum ráðuneyta aðildarríkja ESB og EES-EFTA ríkjanna og sérfræðinga á vegum sveitarstjórnasambanda, og þá sérstaklega norrænna sveitarfélagasambanda.

Municipal Waste Europe

Sambandið tók áfram þátt í starfi og Municipal Waste Europe (MWE) og Council of European Municipalities and Regions (CEMR) á árinu. Sótti sérfræðingur sambandsins fjárfundi MWE á árinu og einn staðfund í Austurríki og tók þátt í vinnu í tengslum við samráð og umsagnir við vinnu ESB.

EUPicto

Sambandið situr í stýrihópi EUPicto sem á og rekur samnorrænar merkingar úrgangstegunda. Stýrihópurinn fundar reglulega yfir árið auk þess sem fulltrúar hópsins sitja einnig fundi stjórnar EUPicto.

Baltic Sea Regions Waste Management

Að frumkvæði Finna var á árinu stofnaður samstarfsvettvangur Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna um úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Markmið vettvangsins er að efla samtal og upplýsingamiðlun um úrgangsstjórnun sveitarfélaga landanna á milli.

Annað

Þátttaka:

- » Vinnustofa um framleiðendaábyrgðarkerfið
- » Starfshópur um vinnuvernd
- » Starfshópur um innleiðingu hringrásarhagkerfis
- » Vinnustofa í tengslum við endurskoðun Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum
- » Vor og haustfundir SATS

Ýmsir aðrir fundir:

- » Samráðsfundur með ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála og fulltrúum URN
- » Samráðsfundur með fulltrúum URN um innleiðingu hringrásarhagkerfisins
- » Bakhópur um framleiðendaábyrgðarkerfið
- » Samstarf um bættu úrgangstölfræði
- » Fundir Íslandsnefndar hnattrænna UNESCO jarðvanga

SKÝRSLA

TIL UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐUNEYTISINS VEGNA VERKEFNA 2023

